


Séð yfir sýningu Sæmundar Valdimarssonar.

Frumsköpun og endursköpun

– tvær sýningar á Kjarvalsstöðum

Pappír hefur í gegnum tíðina verið ýmist vanmetið eða vannýtt efni. Skógsælar þjóðir eins og Mexíkanar hafa á seinni öldum þróað listræna pappírsgerð og nýtt til þeirrar iðju m.a. trjábörk, hálm og bómull. Í seinni tíð felst þó pappírssköpunin í auknum mæli í endursköpun, endurvinnslu. Fyrir skapandi listamenn eru fá efni jafn háð ytri skilyrðum og pappír; jafn eftirgefanleg; jafn sjálfstortímandi og sjálfsendurskapandi. Það er því í reynd einkennilegt að hjá tilvistarþenkjandi pappírsflóðsþjóð eins og Íslendingum skuli listamenn almennt ekki nýta sér nánast ótæmandi möguleika pappírsins. Ef til vill er þó að verða hér breyting á því nú stendur yfir sýning á Kjarvalsstöðum á verkum Svövu Björnsdóttur. Hún er jafnframt sá hérlendur listamaður sem sennilega hefur nýtt best möguleika pappírs.

Myndlist

Ólafur Engilbertson

Fjöregg eða vindsængur

Svava nam list sína bæði í París og í Munchen og mun það hafa verið á síðarnefnda staðnum, hjá myndhöggvaranum Eduardo Paolozzi sem hún komst fyrst í kynni við möguleika pappírsins. Fyrstu árin mótaði Svava verk sín í leir og bjó til mót fyrir pappírinn en fyrir u.þ.b. sjö árum hóf hún að vinna mótin beint í frauðplast. Greinilegt er að verkin hafa staðlast talsvert við þessa breytingu, þau eru hreinni í formi og hafa ekki sömu lífrænu eiginleikana og sum þeirra eldri verka sem hún sýndi í Norræna húsinu fyrir fjórum árum. Verkin eru reyndar helmingi færri á sýningunni en kemur fram í sýningarskrá, einungis sex. Rýmishugsun listakonunnar mun þar hafa skorið niður umfangið á síðustu stundu. Eftir stendur einn veggur með verkum sem næstum svífa á honum eins og vindsængur og óvenju mikil ró hvílir yfir salnum. Í verkunum bregður fyrir mörgum mismunandi eiginleikum pappírs, litur er t.a.m. ýmist settur út í sjálfa pappírsblönduna eða verkið litað að steypu lokinni. Það er nokkur löstur að í sýningarskrá skila hinir djúpu litir sumra verkanna sér ekki nægilega vel en liturinn hefur ekki síður en lífræn áferðin sitt að segja til að gera verk Svövu Björnsdóttur eftirminnileg. Form hennar eru áberandi umbúðir, samlímd skurnin utan um fjöregg sköpunar og eyðingar, endursköpunar.

Neisti frumsköpunar og glasabörn

Enginn er pappír án trjáa. Trjábolir Sæmundar Valdimarssonar hafa komið ormétnum rekavið inn í hérlenda listasögu og glatt í leiðinni þau hjörtu sem leita hins persónulega og einlæga. Þeir eðlisþættir hafa nefnilega, þótt undarlegt kunni að virðast, verið fremur illa þokkaðir meðal listamanna hin síðari ár og gjarnan settir á lítt skilgreindan bás lágmenningarinnar. En á meðan hið nauma rými hverfist æ meira um sjálft sig eru galdramenn á borð við Sæmund að skapa verk með sjálfstæða tilvist. Svonefnd utangarðs- eða næf list hefur að undanförnu hlotið alla athygli naumhyggjuþreyttra listmiðlara vestanhafs sem sjá í henni neista frumsköpunarinnar. Sæmundur Valdimarsson notar það efni sem hendi er næst og heldur áfram því verki sem náttúran hóf. Eitt eftirtektarverðasta verkið á sýningu hans er að mínu mati Glasabörn (nr. 17). Þar kemur fram grundvallarafstaða listamannsins til efniviðarins, hann vinnur bakhlið glasabarnanna þó svo að hún sjáist ekki – þau lifa sjálfstæðri tilvist. Mér þótti samt til vansa á þessari annars ágætu sýningu hve margt var þar um „manninn“. Sýningum þessum á Kjarvalsstöðum lýkur nk. sunnudag, 16. maí.

RAUTT LJÓS þýðir RAUTT LJÓS!
UMFERÐAR RÁÐ

Húsbréf

Innlausnarverð húsbréfa í
1. flokki 1989
1. flokki 1990
2. flokki 1990
2. flokki 1991


Innlausnardagur 15. maí 1993.

1. flokkur 1989	Nafnverð:	Innlausnarverð:
	5.000	7.402
	50.000	74.016
	500.000	740.157
1. flokkur 1990	Nafnverð:	Innlausnarverð:
	5.000	6.535
	50.000	65.347
	500.000	653.468
2. flokkur 1990	Nafnverð:	Innlausnarverð:
	10.000	12.907
	100.000	129.069
	1.000.000	1.290.690
2. flokkur 1991	Nafnverð:	Innlausnarverð:
	10.000	11.997
	100.000	119.973
	1.000.000	1.199.727

Innlausnarstaður:
Veðdeild Landsbanka Íslands
Suðurlandsbraut 24.

HÚSNÆÐISSTOFNUN RÍKISINS
HÚSBRÉFADEILD · SUÐURLANDSBRAUT 24 · 108 REYKJAVÍK · SÍMI 696900

SPENNANDI KVÖLD FRAMUNDAN?



Ekki nema í góðum félagsskap. Hringdu fyrst í Símastefnumótið þar sem fjöldi fólks hefur fundið góðan félaga. Einföld og skemmtileg leið til að kynnast nýju og spennandi fólki. Á Símastefnumóti bíður þín fjöldi skilaboða sem þú getur svarað. Þú getur einnig skilið eftir þín eigin skilaboð.

Þetta er spennandi, þetta er rómantískt, þetta er öruggt.
Mínútan kostar 39,90 kr.

SÍMASTEFNUMÓT
99/18/95

Teleworld

Ríkissamningurinn

Síðasti pöntunardagur Macintosh-tölvubúnaðar með verulegum afslætti er

25. maí

Innkaupastofnun ríkisins
Borgartúni 7, Rvk. Sími: 91-26844